

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sbr. reglugerð nr. 123 21. júní 1962.

1. gr.

22. gr. reglugerðarinnar a-liður orðist svo:

a) Íslenskir peningar: Innlendir og erlendir ferðamenn mega flytja út og inn í landið allt að fimmtán hundruð krónum. Óheimilt er að flytja úr landi stærri seðla en eitt hundrað krónu seðla. Öðrum aðilum, að meðtöldum bönkum, er óheimilt að flytja íslenska peninga inn og út úr landinu, nema leyfi Seðlabankans komi til.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. öðlast gildi 1. september 1967.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. ágúst 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.